

Oddviti  
Árneshreppur  
Kaupfélagshúsinu Norðurfirði  
524 Árneshreppur



Reykjavík 24. janúar 2017  
UST201612-041/K.S.J.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing. Aðalskipulag - Árneshreppur 2005 – 2025, tillaga að breytingu á virkjunarsvæði Hvalárvirkjunar**

### **Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar, Ófeigsfirði, Árneshreppi**

**Aðalskipulag:** Vísað er til erindis Árneshrepps er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Árneshrepps 2005 – 2025, á virkjunarsvæði Hvalárvirkjunar og lýsingu tillögu að deiliskipulagi Hvalárvirkjunar, Ófeigsfirði, Árneshreppi.

Í lýsingu kemur fram að áformað er að virkja rennsli Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðarar til raforkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir að afl Hvalárvirkjunar verði um 55 MV og orkuframleiðsla verði um 320 GWh á ári.

### **Breytingar á núgildandi aðalskipulagi**

Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir Hvalárvirkjun í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins en framkvæmdin hafi tekið ýmsum breytingum frá þeim áformum er þar koma fram. Helstu breytingar eru þær að afl og ársframleiðsla áætlaðrar virkjunar mun aukast, en umfang verður óbreytt. Uppistöðulón stækka og lega og umfang stíflumannvirkja og jarðgangna breytast. Iðnaðarsvæði breytist og íbúðarsvæði er fellt út, gönguleið og vegir verða skilgreindir sem og efnistöku- og haugsvæði. Umhverfisstofnun tekur undir það að stöðvarhúsið er áfram áætlað neðanjarðar, en skv. lýsingu færist það austar og neðar í landi.

Í lýsingu kemur fram að fyrirhuguð leið Hvalárlínu er, eftir breytingu, áætluð á Ófeigsfjarðarheiði og að tekin verður afstaða til þess hvort línan skuli verða jarðstrengur eða loflína. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrif verða minni ef línan verður áætluð í jarðstreng svo framarlega sem línan fer um laus jarðlög.

Umhverfisstofnun bendir á að þær framkvæmdir er áætlun um virkjun fela í sér verða nær allar á óbyggðum svæðum og verða samlegðaráhrif á óbyggð víðerni á Vestfjörðum, þ.e. þau munu minnka frá því sem nú er. Bein áhrif mannvirkjagerðar verða vegna vegagerðar á svæðinu milli Norðurfjarðar og Ófeigsfjarðar og vegna lóna, stífla, vega og skurða á Ófeigsfjarðarheiði og Hrauns, en svo kallast heiðin á vatnasviði Eyvindarfjarðarar.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma skýrt fram í umhverfisskýrslu hver áhrif verða af áætluðum framkvæmdum á ósnortin víðerni á Vestfjörðum.


Í lýsingu kemur fram að áætluð efnispörf er mikil bæði vegna stíflugerða og vegagerðar og að gert er ráð fyrir átta efnistökusvæðum. Mikilvægt er að gerð verði grein fyrir öllum efnistökusvæðum og haugsvæðum.


**Deiliskipulag:** Í inngangi kemur fram að gerð verður grein fyrir tegund orkuöflunar og umfangi, ásamt orkuflutningi af svæðinu. Einnig kemur fram að settir verða skilmálar og framkvæmdareitir afmarkaðir fyrir önnur mannvirki virkjunarinnar, efnistöku og haugsetningu og grein gerð fyrir lagnaleiðum. Umferðaleiðir innan svæðisins verða skilgreindar auk tenginga við þjóðveg. Ákvæði verða sett um frágang og hugsanlegar mótvægisaðgerðir.

Í töflu yfir vinsun umhverfisþátta segir að ekki sé vitað um neinar náttúruminjar á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta fossar og nánasta umhverfi þeirra og stöðuvötn og tjarnir 1000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri sérstakrar verndar. Fram kemur í lýsingu breytingu aðalskipulags að fossar og stöðuvötn verða fyrir röskun við áætlaðar framkvæmdir og bendir Umhverfisstofnun að fjalla skal skilmerkilega um þær breytingar í umhverfisskýrslum.

Ljóst er að umhverfisáhrif verða á óbyggðu svæði ef af framkvæmdum Hvalárvirkjunar verður. Mikilvægt er að áhrif á ósnortin víðerni af framkvæmdunum komi skýrt fram í umhverfisskýrslu skipulaga.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn  
Sérfræðingur